

fréttabréf **bssl**

Október 2011 33. árgangur 11. tbl.



Opinn dagur á Stóra Ármóti

Haldinn verður opinn dagur á Stóra Ármóti föstudaginn 11. nóvember n.k. Vonast er til að bændur og þéttbýlisbúar sækji búið heim. Í boði verður kynning á starfsemi tilraunabúsins, Búnaðarsambands Suðurlands auk fleiri stofnana og fyrirtækja.

Fyrirtækjum sem tengjast landbúnaði er boðin þátttaka. Vegna plássleysis er þó ekki um eiginlega vörusýningu að ræða heldur er þetta frekar vettvangur fyrir kynningu og umræðu.

Áhugasamir hafi samband við Grétar Hrafn á ghh@lbhi.is eða Svein á sveinn@bssl.is fyrir 1. nóvember n.k.

efni bréfsins:

Lengi býr að fyrstu gerð.....bls.2

FKS mótmælir upptöku árgjalds fyrir Huppu

Á félagsráðsfundi Félags kúabænda á Suðurlandi sem haldinn var 4. október s.l. var samþykkt svohljóðandi ályktun þar sem upptöku árgjalds fyrir skýrsluhaldsforritið Huppu er mótmælt:

Félagsráðsfundur Félags kúabænda á Suðurlandi haldinn í Björkinni, Hvolsvelli 4. okt. 2011 mótmælir harðlega upptöku árgjalds fyrir skýrsluhaldsforritið Huppu. Kúabændur greiða um eða yfir 50% alls búnaðargjalds sem innheimt er af bændum. Af búnaðargjaldi sem innheimt er af kúabændum fá Bændasamtök Íslands rúm 29%. Fundurinn telur að Bænda-samtökin þurfi að sýna fram á, að allir þeir fjármunir nýtist til þjónustu greinarinnar, áður en farið er að krefja kúabændur um frekari gjaldtöku fyrir þjónustu samtakanna.

Ályktunin var send Bændasamtökum Íslands. Í kjölfarið var forsvarsmönnum FKS boðið að fylgja málinu eftir með því að mæta á fund með stjórn BÍ. Undirtektir BÍ voru dræmar við erindi okkar, en í umræðunni kom fram af okkar hálfu að ef ætti að leggja gjaldið á þá yrði að leggja það á alla notendur Huppu bæði þá sem færa afurðaskýrslu með rafrænum hætti og einnig hina sem skila því á blaði.

Stjórn félagsins náði fundi með Atvinnu-málanefnd Alþingis þriðjudaginn 18. október. Erindið var að lýsa viðhorfum kúabænda til þess að mjólk utan greiðslumarks er nú seld á innanlandsmarkað, en það er klárt lögbrot og ekkert annað en aðför að mjólkurframleiðslunni í landinu.

Áhugi nefndarmanna var mikill á málinu og fengum við tækifæri til að svara spurningum þeirra eftir að hafa flutt erindi okkar í upphafi fundar. Engin niðurstaða kom fram eða afdráttarlaus skoðun neins þeirra á málinu. Við vonumst eftir því að skilningur þeirra á málefningu hafi vaxið. Viljum við fyrir hönd félagsins þakka þeim sem lögðu okkur lið við að koma fundinum á.

Fyrirhugað er að félagið taki þátt í Opinn dagur að Stóra-Ármóti föstudaginn 11. nóvember n.k. með BSSL í þeim tilgangi að kynna starfsemi félagsins og fyrir hvað það stendur. Félag kúabænda á Suðurlandi varð 25 ára á síðasta ári, stofnað 13. mars 1985 og er eitt af 13 aðildarfélögum Landssambands kúabænda og félagið telur 240 félagsmenn.

Stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi

Á döfinni

Sauðfjárræktarfundir BSSL verða haldnir 24. og 25. nóvember n.k. Á fundunum verða hauststörfin gerð upp, kynntir hrútar á Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands og veittar viðurkenningar. Fundirnir verða nánar auglýstir þegar nær dregur.

18. nóvember 2011

Stagerð: Námskeið á Flúðum

19. nóvember 2011

Stagerð: Námskeið að Heimalandi

Nánari upplýsingar á heimasíðu Landbúnaðarháskólans, www.lbhi.is



Sunnubændur athugið!

SUNNA Vegna veikinda þá sjáum við okkur því miður ekki fært um að heimsækja alla Sunnubændur. Við viljum þó minna bændur á að hægt er að koma á skrifstofuna til okkar og fara yfir reksturinn. Gott væri þá að panta tíma svo við séum á svæðinu og höfum örugglega lausa stund. Hægt er að hafa samband við Runólfi í síma 480 1813 eða netfang rs@bssl.is

Margrét og Runólfur

Lengi býr að fyrstu gerð

Fóðrun og aðbúnaður kvígna í uppeldi hefur mikið að segja um afurðir og rekstur bú. Við fæðingu hvers kvígukálfs er ágætt að hafa í huga að kálfurinn verður einn mjólkurkúa búsin. Markmið uppeldis kvígna ætti því að vera að þær vaxi vel, verði frískar, frjósamar og góðar mjólkurkúr.

Í hvernig „heim“ fæðast kálfarnir ?

Aðbúnaður kálfa við fæðingu skiptir máli og best er að þeir fæðist á hreinum og þurrum stað. Fæðist kálfurinn í bleytu, drullu og súg fær hann slæmt „start“ í byrjun lífsins sem hefur áhrif á vöxt og þrif kálfsins. Vitneskja um væntanlegan burðardag er ágæt byrjun til að geta fylgt þessu eftir. Margir bændur eru með góða stjórn á þessu en þó ekki allir.

Mikilvægt er þær kúr sem komnar eru að burði frá, í hreina og þurra burðarstíu svo þær beri ekki í lausagöngurýminu. Standi þær á bás er slæmt að kálfurinn liggja marga tíma fyrir aftan kúrnar í flórnum.

Fóðrun smákálfa

Þegar kálfur fæðist er mikilvægt að hann fái broddmjólk sem allra fyrst eftir fæðinguna, best innan tveggja tíma. Þá er tryggt að kálfurinn fái strax í sig þau mótefni sem eru í mjólkinni og fái orku til að byrja lífið utan móðurkviðs. Eftir því sem lengra líður frá burði þá dvínar geta hans til að nýta mótefni úr broddmjólkinni. Mjólk skal vera um 38°C heit svo að hún nýtist kálfinum sem best. Köld mjólk í kálfa getur leitt til vanþrifa s.s. skitu sem dregur m.a. úr vexti kálfsins. Rannsóknir hafa sýnt að kúr sem hafa fengið skitu sem kálfar, mjólka minna á fyrsta mjaltaskeiði en þær sem hafa verið frískar, en einnig eykur það hættu á júgurbólgu. Það er því mikill hagur í því að hafa fríska kálfa.

Kálfar eiga að hafa aðgang að próteinríku unglálfakjarnfóðri, gróffóðri og vatni strax frá fyrstu viku eftir fæðingu. Til að fá æskilegan vöxt og þroska í kálfana skulu þeir vera á mjólk þar til þeir eru farnir að éta upp undir 800 gr af kjarnfóðri á dag sem er oft við 6 til 8 vikna aldur. Mjólkurmagn skal ekki vera minna en 4 til 5 lítrar á dag og gefið að lágmarki 2x á dag. Það þekkist þó að heildarmjólkurgjöf kálfa sé um og yfir 6 lítra á daga en þá skal gefa oftast en 2x á dag. Hreint, þurrt og trekklaust umhverfi er einnig mikilvægt á þessum tíma fyrir kálfana.

Hagkvæmara kvíguuppeldi

Kynþroski kvígna stjórnast að mestu leyti af þroska og minna eftir aldri. Sýnt hefur verið fram á að hagkvæmast er að láta kvígurnar bera 24 mánaða en þó þurfa þær að hafa náð að lágmarki um 260-270 kg. Það er því mikilvægt að kvígurnar vaxi vel og nái þannig nægilegum þroska við 15 mán. aldur þannig að hægt sé að sæða þær. Beri kvígan 24 mánaða skilar það sparnaði á húsplássi og viðhaldsfóðri. Einnig verður frjósemin betri þar sem oft reynist erfiðara að koma fangi í kvígurnar eftir því sem þær verða eldri.

Í meðfylgjandi töflu má sjá viðmið um æskilega uppeldisfóðrun til að skila gripum þeim næringarefnum sem nauðsynleg eru í uppvextinum og til að ná góðum vaxtarhraða. Í töflunni sést að gefið er kjarnfóður fram að sæðingu og miðað við að sæðing fari fram um 15 mánaða aldur. Sumir kunna að reka augun í kjarnfóðurgjöfina hjá kálfum á aldrinum 3 til 14 mánaða aldurs. Vissulega kostar það meira að fóðra gripina á kjarnfóðri á þessum tíma heldur en að láta það ógert. Það borgar sig hins vegar að fóðra unggvígurnar með kjarnfóðri, sérstaklega ef gróffóðrið er ekki af allra bestu gæðum. Það gefur stærri og þroskaðri gripi við burð. Þá nota

fyrsta kálfs kvígurnar minni orku til vaxtar eftir burðinn og eru líklegri til að mjólka meira. Geta kúnna til að innbyrða fóður er sá þáttur sem hefur mest áhrif á afurðagetuna. Stórar kúr hafa stærri vömb og þar með meiri getu til fóðurupptöku en minni kúr. Það er því líklegra að góð fóðrun allan uppvöxtinn skili okkur fá stærri, hraustari og þar með afurðasamari gripum.

Greinin auk töflunnar er að hluta til byggð á upplýsingum frá "Godt kvigeoppdrætt" Topp team fóring, Noregi 2010.

Hrafnhildur Baldursdóttir

Uppeldisfóðrun kvígna

Dagur	Mjólk	Kjarnfóður	Vatn	Hey	Heygæði
1-3	Broddur	-	-	-	
4-7	Mjólk	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrt
Vika					
2	Mjólk	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrt
3	Mjólk	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrt
4	Mjólk/kálfaduft	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrt
5	Mjólk/kálfaduft	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrt
6	Mjólk/kálfaduft	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrt
7	Mjólk/kálfaduft	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrt
8	Mjólk/kálfaduft	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrt
9-10		1 -2 kg	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrt
11-12		1 -2 kg	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrt
Mán.					
3-7		1,8 kg*	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrlegt og orkuríkt
8-9		1 kg*	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrlegt og orkuríkt
10-14		0,5 kg*	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrlegt og síðslegið
15-19		Steinefnablöndur	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrlegt og síðslegið
20-22		Steinefnablöndur	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	þurrlegt og síðslegið
23-24		Upptróppun í kjarnfóðri síðustu viku fyrir burð	Frjáls aðg.	Frjáls aðg.	Orkuríkt

*Prótein og steinefnaríkar blöndur